

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 239/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jóhanni Björnssyni

(Andri Árnason hrl.)

Brot gegn 4. mgr. 220. gr. laga nr. 19/1940. Skotvopn. Upptaka. Skil-orð. Sect.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 30. júní 1995 til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga samkvæmt a-lið 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd.

Ákærði hefur skýlaust játað sakargiftir í ákæru, og er háttsemi hans þar réttilega færð til refsíákvæða. Ákærði fór til gæsaveiða á Gnúpverjaafrétti ásamt félögum sínum 20. ágúst 1994, og höfðu þeir næturvist í gangnamannakofa á Skeiðamannafit á Skeiðaafrétti. Af framburði ákærða og vitna verður ekki séð, að áfengi hafi verið haft um hönd eða ósætti verið milli félaganna. Ákærði lýsti atvikum í skýrslu sinni hjá lögreglu og staðfesti þá lýsingu fyrir héraðsdómi. Þar kom fram, að einn félaganna hefði næsta morgun þurft að bregða sér á náðhús vestan við gangnakofann. Síðan segir í lög-regluskýrslu: „Þá segist mætti hafa ætlað að hrekkja hann svolítið og tók haglaskot, sem er fyrir leirdúfur, og skaut því af byssu sinni á náðhúsið af, að hann telur, a. m. k. 30 metra færi. Höglín í þessum skotum eru smá, og hrundu þau af hlið náðhússins. Tók þá mætti annað skot, að hann ætlaði sams konar, en fyrir mistök kveðst hann hafa tekið skot, sem ætlað er til gæsaveiða, en þau eru eins á litinn. Þessu skaut hann líka á hlið náðhússins.“

Tjónþoli hefur hvorki gert refsí- né bótakröfur á hendur ákærða vegna þessa atviks.

Atferli ákærða umrætt sinn var háskalegt og glannafengið. Það

leysir hann ekki undan ábyrgð, þótt honum hafi orðið á mistök við val skotfæra, en hann öðlaðist skotvopnaleyfi haustið 1992 og mun hafa nokkra reynslu í meðferð skotvopna. Átti hann að gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem var samfara slíkri beitingu skotvopns. Þykir hæfilegt, að hann sæti refsivist í sex mánuði. Með hliðsjón af atvikum og aðstæðum ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsingu, þykir mega fresta fullnustu þessarar refsingar skilorðsbundið í þrjú ár. Þá þykir rétt, að ákærði verði jafnframt gert að greiða 80.000 króna fésekt í ríkissjóð, sbr. 2. mgr. 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 9. gr. laga nr. 101/1976, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Björnsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þessarar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal greiða 80.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Andra Árnasonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 29. maí 1995.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 22. mars sl., á hendur Jóhanni Björnssyni, fæddum 19. ágúst 1970, til heimilis að Skriðu-

felli, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, „fyrir brot á almennum hegningarlögum og lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda með því að hafa um hádegisunnudaginn 21. ágúst 1994 við gangnamannahús á Skeiðamannafit á Skeiðaafretti stefnt lífi eða heilsu Gunnars Runólfssonar, fædds 19. júní 1970, í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt með því að skjóta tveimur skotum úr haglabyssu á kamar við húsið, þar sem Gunnar var innan dyra, með þeim afleiðingum, að nokkur högl úr síðara skotinu fóru í gegnum krossviðarplötu á kamrinum og í andlit Gunnari.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr., laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga og 35. gr. laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda, krafist upptöku á tveimur haglabyssum, Remington 11-87 PC-177373 og Remington 870 Express nr. W 798806 M, sem lögregla lagði hald á við rannsókn málsins“.

Málið sætti meðferð hér fyrir dómi eftir ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991. Var það þingfest 4. þ. m. og dómtekið í sama þinghaldi að lokinni skýrslutöku af ákærða og umfjöllun verjanda hans og fulltrúa ákæruvalds um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.

I.

Ákærði hefur skýlaust játað að hafa gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Er dómur lagður á málið á grundvelli þeirrar játningar hans og um málsatvik í meginatriðum látið nægja að vísa til ákærunnar, sbr. 2. mgr. 135. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Í málinu liggur frammi vottorð Huldu B. Magnadóttur, læknis á heilsugæslustöðinni í Laugarási í Biskupstungum, um Gunnar Runólfsson. Samkvæmt því leitaði Gunnar á heilsugæslustöðina um klukkan 15 21. ágúst 1994. Segir í vottorðinu, að nokkur sár hafi verið á höfði eftir högl; „eitt hagl var greinilega í augnkrók vinstra megin og auk þess að minnsta kosti fimm högl víðs vegar undir höfuðleðrinu.“ Þörf var á augnlækni til að fjarlægja haglið við augnkrókin, og var Gunnari af þeim sökum vísað á slysa-deild Borgarspítalans í Reykjavík. Þangað kom hann þennan sama dag. Er meiðslum hans og þeirri lækni meðferð, sem hann naut þar, lýst í vottorði Ragnars Jónssonar læknis. Í vottorðinu segir: „Við skoðun komu í ljós nokkur húðgöt eftir högl í andliti og hálsi. Rtg-mynd er tekin af höfði og hálsi, og komu í ljós fimm högl. Eitt sat vinstra megin á enni ofarlega, tvö yfir hvirfilbeini vinstra megin og tvö í andliti, þ. e. eitt í miðsnesi og hitt í nasavængnum vinstra megin. Það sáust ekki nein högl á hálsi. Þar sem hagl

reyndist sitja mjög nálægt táraganginum í vinstra augnkrók, var kallaður til augnlæknir ..., sem fjarlægði þetta hagl í staðdeyfingu, enn fremur var táragangurinn kannaður og reyndist hann vera óskaddaður. Enginn áverki greindist á augum nema það að nokkuð væg blæðing var undir vinstra augnloki. Reynt var að taka hagl, sem var í nasavængnum, en það reyndist hafa farið það djúpt að ekki þótti ástæða til að grafa eftir því. Fleira var ekki aðhafst. Þar sem haglið var tekið úr augnlokinu, var sári lokað með einu spori. Ekki var gert ráð fyrir frekara eftirliti á slysadeild og er líklegt að engin frekari eftirköst verði af þessu önnur en hugsanleg lýti vegna sáranna í andliti, en hugsanlega geta höglín leitað út síðar ef sýking eða bólga myndast umhverfis höglín. Ekkert haglanna reyndist hafa farið inn úr beini, öll sátu í húð eða undir húð. Eitt (hagl) hafði þó farið inn í miðsnesi vinstra megin frá og brotið sér leið í gegnum brjóskið á hægri hlið.“

Í framburði ákærða fyrir dómi kom fram, að hann hefði skotið að kamrinum í umrætt sinn, þrátt fyrir það að honum hafi þá verið ljóst, að Gunnar Runólfsson væri staddur þar innan dyra. Hefur ákærði ekki gefið aðra skýringu á þessu atferli sínu en þá, að hann hafi viljað hrekkja Gunnar.

Við meðferð málsins fyrir dómi kom fram, að ákærði hefði allnokkra reynslu í meðferð skotvopna. Hefur hann stundað skotveiðar og æfingar í skottími, allt frá því er hann öðlaðist skotvopnaleyfi haustið 1992.

Að mati ákærða eru um það bil 30 metrar að kamrinum frá þeim stað, sem skotið var frá. Er ekki við önnur gögn að styðjast í málinu um þetta atferli.

II.

Með framburði ákærða, sem felur í sér, eins og að framan greinir, viðurkenningu af hans hálfu á verknaðarlýsingu ákæru, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þar greinda háttsemi. Er háttsemin réttilega heimfærð í ákæru til 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 20. gr., sbr. 34. gr., laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda.

III.

Pegar viðurlög eru ákveðin, ber til þess að líta, að hið refsiverða atferli ákærða fólst í beitingu öflugs skotvopns á ófyrirleitinn hátt. Þetta atferli hans var háskalegt og hefði hæglega getað leitt til enn frekari líkamsmeiðsla en raun varð á og örkuðla. Á hinn bóginn ber að virða ákærða það til refsilækkunar, að hann hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot og framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins var óaðfinnanleg. Að þessum sjónarmiðum virtum og með hliðsjón af því, sem rakið er í kafla I hér að framan, er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði, en fresta má fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og skal sá hluti hennar falla

niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

IV.

Í ákæru er krafist upptöku á tveimur haglabyssum. Fram er komið, að önnur þeirra, Remington Express W 798806, er í eigu bróður ákærða. Brestur þegar af þeirri ástæðu lagaskilyrði fyrir upptöku á skotvopni þessu, og ber að hafna kröfu ákæruvalds þar um. Hins vegar þykir mega taka til greina kröfu um upptöku á Remington-haglabyssu, 11-87 PC-177373, en ákærði mun vera eigandi hennar, og hana kveðst hann hafa notað í umrætt sinn. Við upptöku þessa skotvopns er stuðst við ákvæði 35. gr. laga nr. 46/1977, sem vísar til 69. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun til skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Magnússonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 25.000 krónur.

Þorgeir Ingi Njálsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan. Uppkvaðning dómsins hefur dregist lítillaga vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Björnsson, sæti fangelsi í 9 mánuði. Fresta skal fullnustu 6 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti hennar niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Upptæk skal vera til ríkissjóðs Remington-haglabyssa, 11-87 PC-177373, sem hald var lagt á við rannsókn málsins. Að öðru leyti er upptökukröfu ákæruvalds hafnað.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Ásgeirs Magnússonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.